

## Hestamannafélagið Sprettur

Fundur nr. 7, stjórnarfundur, haldinn fimmtudaginn 16.05.2013 kl. 17:00 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Hannes Hjartatson, Guðmundur Hagalínsson og Brynja Viðarsdóttir.

1. **Fundargerðir á heimasíðu Sprettis.**

Samþykkt að ganga frá fundargerðum stjórnar til birtingar á heimasíðu félagsins.

2. **Íþróttamót Sprettis 18.-19.05.**

Tekin fyrir póstur frá Mótanefnd varðandi framkvæmd mótsins og aðstöðu á svæðinu. Mótanefnd hefur ekki gert ráðstafanir vegna veitinga á mótinu. BV tekur að sér umsjón með mat fyrir starfsfólk og veitingasölu fyrir keppendur og gesti. (BV)

3. **Staða framkvæmda á Kjóavöllum.**

Reiðhöll. JÁ-verk er komið af stað af fullum krafti. Fyrstu undirstöður (sökklar) steypar í vikunni. Vallarsvæði. Framkvæmdum Loftorku nánast lokið. Vinnuflokkur frá Garðabæ mun á næstu dögum grjóthreinsa svæðið og undirbúa fyrir sáningu.

4. **Fjármál.**

Komið er að næstu greiðslu Kópavogsbæjar til félagsins í samræmi við samning frá seinasta ári um uppbyggingu á Kjóavöllum.

5. **Skipulagsmál.**

Bæjarstjórn Kópavogs frestaði í vikunni afgreiðslu á nýju aðalskipulagi þar sem gert var ráð fyrir að fella út byggð í Básaskarði og í námunda við Guðmundarlund (Stapaþing og Trönuþing). Mun stjórnin fylgjast grannt með þessu máli þar sem um verulega hagsmuni er um að ræða fyrir hestamenn sem og annað útivistarfólk.

6. **Samningur um reiðskkóla.**

Lagður fram samningur milli hestamannafélagsins Sprettis og Víkingahesta um rekstur reiðskóla sumarið 2013.

Eftir er að ganga frá leigusamningi við Topphesta um afnot af félagsheimili og reiðhöll í sumar. (SS / ÞS?)

7. **Kynning hjá ÍTG.**

SS og ÞS fóru á fund ÍTG í vikunni og kynntu uppbyggingu félagsins á Kjóavöllum.

8. **Boð fyrir bæjarstjórnir Garðabæjar og Kópavogs.**

Ákveðið var að stefna að því að efna til móttöku bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs 31.5.2013.

9. **Lógó fyrir Sprett.**

Samþykkt var að fá Hlyn Ólafsson grafískan hönnuð á fund stjórnar til að gefa faglegt álit á þeim fjórum hugmyndum sem fyrir liggja að merki félagsins. Stefnt er að því að ljúka vali á þeim fundi.

10. Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Guðmundur Hagalínsson